

# Fundur NOS

haldinn í Hveragerði þriðjudaginn 21. maí 2019 kl. 15:00

**Mætt:** Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Björgvin Skafti Bjarnason og Elliði Vignisson en Aldís Hafsteinsdóttir boðaði forföll. Elliðistjórnaði fundi í forföllum formanns.

## 1. Starfsmannamál-forstöðumaður

Starf forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls var auglýst og bárust 4 umsóknir. Ein umsókn uppfyllti ekki skilyrði. Tekin voru viðtöl við 3 umsækjendur. Starfsmaður Hagvangs með þeim Elliða, Aldísi og Jóni tóku viðtölin. Þau sem tekin voru í viðtal voru eftir farandi: Auður Herdís Sigurðardóttir, Ragnheiður Hergeirsdóttir og Þórunn Jóna Hauksdóttir.

Að undangengnu mati á hæfi umsækjanda, ítarlegri yfirferð yfir ferilskrár og kynningarbréf, viðtöl þá þrjá umsækjendur sem taldir voru uppfylla best þær hæfniskröfur sem settar voru fram í auglýsingu og samtal við umsagnaraðila þá var lagt til að Ragnheiður Hergeirsdóttir verði ráðin forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Nefndin samþykkir samhljóða að ráða Ragnheiði Hergeirsdóttir í starf forstöðumanns og felur formanni að ganga frá ráðningarsamningi við hana.

Ragnheiður getur hafið störf strax í 20% vinnu og kemur svo inn að fullu um mánaðarmótin júní/júlí.

## 2. Bakvaktir Félagsþjónustunnar.

Rætt var um fyrirkomulag bakvakta félagsþjónustunnar í samstarfi við Lögregluna. Búið er að gera samkomulag um fyrirkomulag þeirrar þjónustu og semja við starfsmenn þjónustunnar til að sinna því frá 18.maí til 1.júlí 2019.

Fyrirkomulagið verður svo endurskoðað með nýjum forstöðumanni.

## 3. Önnur mál

### a. Ósk um aukin stöðugildi sálfræðinga.

Fyrir liggur greinargerð vegna beiðni um aukningu við stöðugildi sálfræðinga við Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls frá Hrafnhildi Karlsdóttur teymisstjóra. nefndin samþykkir að skoða þetta mál með nýjum forstöðumanni og Hrafnhildi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30

Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari